

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 94/98
frá 25. september 1998

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var
aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er
nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-
nefndarinnar nr. 37/98 frá 30. apríl 1998⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/59/EB frá 7. október 1997 um aðlögun að
tækniframförum á tilskipun ráðsins 90/679/EBE um verndun starfsmanna gegn áhættu
vegna líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum (sjöunda sértilskipun í skilningi 1. mgr.
16. gr. tilskipunar 89/391/EBE)⁽²⁾ og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/65/EB
frá 26. nóvember 1997 um þriðju aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins
90/679/EBE um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifavalda á
vinnustöðum⁽³⁾ skulu felldar inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 15. lið (tilskipun ráðsins 90/679/EBE) í XVIII.
viðauka við samninginn:

⁽¹⁾ Stjtíð. EB L 310, 19.11.1998, bls. 25 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 48, 19.11.1998, bls. 260.

⁽²⁾ Stjtíð. EB L 282, 15.10.1997, bls. 33.

⁽³⁾ Stjtíð. EB L 335, 6.12.1997, bls. 17.

- „- **397 L 0059**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/59/EB frá 7. október 1997 (Stjtíð. EB L 282, 15.10.1997, bls. 33),
- **397 L 0065**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/65/EB frá 26. nóvember 1997 (Stjtíð. EB nL 335, 6.12.1997, bls.17).“

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipana framkvæmdastjórnarinnar 97/59/EB og 97/65/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 25. september 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner